

**Nr. 17-121 S 090 Hekla skemmtibátur SKB 123****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. Óskráður  
Framleiðandi:  
Tegund::  
Mesta lengd: Skráð lengd:  
Breidd: Dýpt:  
Vél: Utanborðsmótor,  
Fjöldi skipverja: 5



Hekla ©NN

**Gögn:**  
Lögregluskýsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. ágúst 2017 var skemmtibáturinn Hekla SKB 217 á siglingu með suðurströndinni við Þjórsárósa. Veður: VSV 1 m/s.

Tilkynning kom til Vaktstöðvar siglinga á VHF rás 16 frá áhöfn um að báturinn væri vélarvana grunnt af Þjórsarósum og lítið rek væri á honum. Engir aðrir bátar voru á svæðinu og voru björgunarsveitir boðaðar út ásamt þyrlu Landhelgisgæslunnar. Fimm manns voru híðir upp úr bátnum í þyrluna og björgunarbáturinn Gauri Páls dró Heklu til hafnar í Þorlákshöfn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að smellur kom frá hældrifinu og báturinn missti ferð;
- að við sundurtekt á hældrifinu kom í ljós að tannhjól var brotið og driföxull skemmdur;
- að hældrifið var af gerðinni OMC Cobra framleitt í USA.



Öxulendinn og tannhjólið

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.